

Mál nr. 151/2017**M
og
váttryggingafélagið V v/ húftryggingar báts.****Ágreiningur um tímagjald vegna eigin vinnu við viðgerð. Starfssvið úrskurðarnefndar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.5.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. .2017.

Málsatvik.

Í maí-, júlí- og ágústmánuði 2016 varð báturinn A, í eigu M, þrívægis vélarvana á sjó með þeim afleiðingum að draga þurfti bátinn til hafnar og taka á land til viðgerðar á vélinni. B, fyrirsvarsmaður M, vann að viðgerðinni í öll skiptin ásamt öðrum. Af gögnum málsins má ráða að vinnutímar B vegna þessa hafi numið samtals 137 klukkustundum. M hefur krafist að fá þessar vinnustundir greiddar úr hendi V, húftryggjanda bátsins með tiltekinni fjárhæð fyrir hverja klukkustund. V hefur ekki fallist á það tímagjald sem M byggir á í kröfugerð sinni.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir úrskurðarnefnd snýst ágreiningur aðila um fjárhæð bóta fyrir þá vinnu sem fyrirsvarsmaður M lagði til vegna viðgerðar á A. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskostsaðila og váttryggingafélags, sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.. Í 2. mgr. sömu gr. segir að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Þá segir m.a. í 3. mgr. greinarinnar að nefndin úrskurði hvort ágreiningur aðila heyrir undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Ágreiningur málsaðila lýtur að ágreiningi um bótafjárhæð líkt og áður getur. V hefur ekki fallist á að nefndin úrskurði um ágreininginn. Því er ekki fullnægt því skilyrði að samþykki allra málsaðila hafi fengist svo nefndinni sé fært að úrskurða í málinu. Að svo vöxnu heyrir málið ekki undir nefndina og ber að vísa því frá, sbr. fyrrgreint ákvæði 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 13. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.